

Aefli – samantekt athugasemda

Með svörum frá Landskerfi bókasafna hf. dags. 15. desember 2009

Almennt kvartað yfir hægagangi í kerfinu, kemur inn á alla starfsþætti. Spurningin er hvort hægt er að styrkja vélakostinn svo hann afkasti meiru.

Svör Landskerfi bókasafna: Kvartanir vegna hægagangs fóru að berst skrifstofu haustið 2009, og þá einkum í tengslum við útlán og skil. Síðan þá hefur Landskerfi bókasafna unnið markvisst að greiningu og úrlausn vandamálsins. Orsaka hægagangs er ekki að leita í vélbúnaði heldur í Aleph forritum, Sjá nánar í tengslum við umfjöllun um útlánabátt.

Almenn ánægja með samskipti við starfsmenn, bæði skráningarráðs/Lbs og Landskerfis.

Svör Landskerfi: Takk fyrir!

AÐFÖNG

Ekki bærust margar athugasemdir varðandi aðfangabáttinn, enda er hann ekki víða í notkun.

Þó er beðið um að koma á viðvörðun ef slegin eru fleiri en t.d. 100 eintök í eintakafjölda á nýrri pöntun.

Svör Landskerfi: Getur Aefli aflað dæma með skjámyndum? Það myndi auðvelda mjög greiningu vandamálsins

SKRÁNINGARÞÁTTUR

Ánægja með að geta veitt færslur úr öðrum kerfum (BIBSYS, LIBRIS, LOC o.fl)

Svör Landskerfi: Landskerfið hefur í hyggju að bæta við færsluveiðum í fleiri kerfi.

Ósk um eins konar “Banka” fyrir fleiri skráningarform, t.d. fyrir DVD, hjóðbækur þar sem öll hugsanleg svið og deilisvið eru forskráð. Einnig t.d. heimildarmyndir vs. leikið efni.

Svör Landskerfi: Á verkefnalista gæðahóps vegna starfsársins 2010. Listinn verður gerður aðgengilegur á heimasíðu Landskerfis bókasafna, www.landskerfi.is, í janúar 2010.

Bein tenging við leiðbeiningar - gott væri að hafa beina tengingu við leiðbeiningar sýnilegar á hverjum stað, við hvert skráningarsvið, líkt og er fyrir 007 og 008.

Svör Landskerfi: Eitt af þeim verkefnum sem gæðahópur mun vinna að á árinu 2010 er að yfirfara hjálp í skráningarþætti Gagnis.

Lokaverkefni/ námsritgerðir – auðvelda aðgreiningu frá öðru í almennum aðgangi.

Svör Landskerfi: Landskerfi mun skoða hvort hægt sé að undanskilja námsritgerðir í almennum leitum. Þetta er á verkefnalista gæðahóps fyrir 2010.

Ritraðir – skýra reglur varðandi ritraðabáttinn (svið 490 1# og 839 #0...)

Svör Landskerfi: Fjallað var um ritraðir á fræðslufundi skrásetjara 4. desember síðastliðinn. Sjá glærur og hljóðupptöku frá erindi Hildar Gunnlaugsdóttur, Ritraðir, á slóðinni <http://www.landskerfi.is/skranrad.php>.

Ónotuð (ópörf) svið - aðgengilegan lista yfir hvaða svið eru ekki notuð (t.d. 591, 970 o.fl.?) þegar færslur eru lagaðar og yfirfarnar, eins þegar maður flytur færslur úr hliðargrunni.

Svör Landskerfi: Eitt af verkefnum gæðahóps á árinu 2009 er að skilgreina og eyða út ópörfum sviðum við nýskráningu færslna. Ópörfum sviðum í gömlum færslum mun verða eytt vélrænt í byrjun árs 2010.

Festa inni fellival í leit, þegar hoppað er á milli leita í ice03, LOC og þess háttar breytast leitarskilyrðin alltaf.

Svör Landskerfi: Þetta er því miður ekki mögulegt.

Sérstafatafla Fáir stafir/merki sem þarf að nota. Duttu þeir út við síðustu uppfærslu?

Svör Landskerfi: Landskerfi mun skoða máli. Gott væri að fá dæmi um hvaða stafi vantar.

Um nafnmyndastjórnun: Á að nota íslenskar umritunarreglur fyrir **rússnesk** nöfn eða taka upp nafnmyndir frá Library of Congress sem allir hafa aðgang að?

Í dag eru íslenskar umritunarreglur notaðar á Landsbókasafni-Háskólabókasafni. Megnið af nýjum nafnmyndum kemur í sóttum færslum og eru þær oft látnar standa óhreyfðar skv. erlendum (einkum engilsaxneskum) umritunarreglum því skrásetjarar vítt og breitt um landið búa fæstir yfir þekkingu á íslensku umritunarreglunum. Tilgangurinn með umrituninni hefur ekki sannað gildi sitt því notendur virðast ekki finna nöfn sem umrituð eru skv. íslenskum reglum. Þess vegna eru tilvísanir nauðsynlegar. Hins vegar hefur Lbs-Hbs ekki haft bolmagn til að sinna um gerð tilvísana sem skyldi. (Sbr. fundargerð skráningarráðs 13. maí 2009)

Svör Landskerfi: Þetta er verkefni Skráningarráðs.

TÍMARITABÁTTUR

Óskað eftir betri og meiri leiðbeiningum með tímaritaskráningunni.

Svör Landskerfi: Landskerfi er sammála því að útbúa megi frekari leiðbeiningar um tímaritabátt. Landskerfi óskar eftir frekara framlagi frá Alefli eða aðildarsöfnum um hvað vanti í leiðbeiningar á þjónustuvef. Erfitt er fyrir Landskerfi að útbúa leiðbeiningar sem mæta þörfum safna án þess að fá upplýsingar af þessu tagi.

Fjöldi safna í sömu stjórnunareiningu veldur ruglingi.

Svör Landskerfi: Þegar fleiri en ein komuspá er til fyrir tímarit er ómögulegt að sjá hvaða komuspá tilheyrir ákveðnu safni. Hugsanlega er hægt að bæta úr þessu í skráningu forðans. Landskerfi þarf að skoða með aðstoð Lbs-Hbs hvernig hægt er að bæta skráningu til að safnkóði birtist í komuspárupplýsingum.

Komuspár eru flóknaar í fyrstu og Mjög bagalegt að hægt sé að breyta spám hjá öðrum söfnum í sömu stjórnunareiningu. (var þetta stillingaratriði? – ef svo er vantar leiðbeiningar).

Svör Landskerfi: Landskerfi mun skoða hvort eitthvað er hægt að gera tli þess að einfalda þetta.

Forðafærslur með mjög mismunandi sniði – þarf að samræma.

Svör Landskerfi: Landskerfi mun útbúa leiðbeiningar um skráningu forða með hjálp tímaritasérfræðinga.

RAFRÆN SKRÁNING

Beðið er niðurstöðu frá vinnuhópi um hvort skrá eigi allt efni tvöfalt.

Svör Landskerfi: Stutt er í að vinnuhópur um rafræna skráningu skili niðurstöðum sínum um þetta málefni.

Rafræn skráning: Þarna viljum við leggja þunga áherslu á að rafrænt efni, t.d. skýrslur stofnana og ráðuneyta, verði skráð í Gegni með slóð í efnið. Spurning er hvað veldur því að þetta er ekki gert að neinu marki, ætli það sé spurning um varanlegar slóðir þ.e. varanlegar rafrænar geymslur?

Sjáum fyrir okkur dreifingu ábyrgðar í þessum efnum ef útgefandi (t.d. stofnanir) geti sjálfir skráð gögn sín og lagt í geymslu fyrir rafræn gögn í Lbs-Hbs þar sem **upprunalega slóðin heldur sér**.

Stofnanir leggja upp laupana eða eru sameinaðar öðrum og hætta er á að bæði pappír og rafræn gögn hverfi með. Það á vonandi ekki við um Lbs-Hbs.

Er komið í gang að einhverju leyti - en vantar nýja Skemmu eða Hjall fyrir þetta efni og verklagsreglur um framkvæmd.

Svör Landskerfi: Uppsetning varanlegrar stafrænnar geymslu er málefni Landsbókasafns.

Rétt væri að **samræma upplýsingar** um “**Skemmugögn**” – gildir reyndar um fleiri rafræn gögn - í Rafrænn aðgangur:

“KHI” skráir Heildartexti

HA skráir Skemman - Háskólinn á Akureyri

Lbs-Hbs skráir Heildartexti PDF

LHI skráir Heildartexti PDF

Bifröst. Tengir sennilega ekki úr Gegni í Skemmuna

Svör Landskerfi: Þetta er málefni vinnuhóps um rafræna skráningu. Hópurinn mun útbúa leiðbeiningar og leggja fyrir Skráningarráð.

ÚTLÁNABÁTTUR

Hægagangur getur valdið margs konar ruglingi ef maður er ekki var um sig, skil eða útlán skila sér ekki inn í kerfið. Hægagangur í kerfinu tengist oftast láni eða skilum á vinsælum bókum með margar frátektir.

Svör Landskerfi: Ex Libris hefur í samvinnu við Landskerfi bókasafna unnið að úrlausn hægagangs í tengslum við útlán og skil. Þróuð hefur verið lausn sem gerir útlán og skil fyrir vinsælar bækur mun hraðvirkari en áður var. Sama máli gildir um leitir í vefviðmóti Gegnir, www.gegnir.is, en þar hefur hraði á birtingu eintakalista verið bættur til mikilla muna.

Vantar **viðvörðunarljóð úr lesaranum** þegar afgreiðslan gengur ekki upp og/eða athugasemdir koma á skjáinn – þannig að eftir sé tekið! Þetta á við bæði um inn- og útlán, t.d. vegna athugasemda (t.d.: CD fylgir eða Lánþeginn er með frátekið efni). Hægt er að láta vélarnar gefa öðruvísi hljóð (stilliatríði), en þá þarf að hafa hátalara frekar hátt stillta, til að yfirgnæfa hljóðið í lesaranum (alltaf sama pípið þar). Einnig þarf að vita hvað hver rammi „heitir“ í kerfinu, til að stilla hljóð við.

Svör Landskerfi: Stillingar í biðlara gera kleift að vera með mismunandi hljóð fyrir margar ólíkar aðgerðir. Þó er ekki mögulegt að vera með hljóðmerki ef frátekt er á eintaki en það mun verða mögulegt í útgáfu 20. Þeim sem vilja breyta stillingum fyrir hljóðmerki í útláni er bent á að senda erindi á hjalp hjá landskerfi.is.

Eldri vanskil komi á rukkbréfin því oft eru fleiri bækur í vanskilum, sem áður hefur verið rukkað um.

Svör Landskerfi: Uppsetning á rukkíðni er háð ýmsum skilyrðum og þeir sem vilja gera breytingar á rukkíðni á sínu safni eru beðnir um að senda erindi á hjalp hjá landkerfi.is. Breytingar eru ekki mögulegar með öðrum hætti.

Skilaboð með sms – þá átt við að skilaboðin væru í raun ábending um að viðkomandi ætti tölvupóst frá safninu (hvort heldur um vanskil, frátektir eða annað).

Svör Landskerfi: Landskerfi er ekki kunnugt um slíka möguleika í kerfinu, en mun skoða málið.

Vantar alla **yfirsýn yfir lánþegann** við skil og úttekt, fara þarf á milli skjámynda til að skoða stöðu hans.

Svör Landskerfi: Í útgáfu 20 verður gert kleift að tengjast lánþegaupplýsingum frá skilaglugga.

Vantar **gjaldskrá/reiknivél** við útlán á gjaldskyldu efni

Svör Landskerfi: Gjaldskrá/reiknivél er ekki hluti af kerfinu.

Lánþegi tvöfaldur inni í kerfinu, tekur langan tíma að leiðrétta (tengist etv. bráðabirgðaskráningum – t.d. skiptinema?)

Svör Landskerfi: Mánaðarleg uppfærsla nýrra lánþega úr þjóðskrá byggir á nafni og fæðingardegi lánþega en ekki kennitölu. Því er mjög mikilvægt að vandað sé til skráningar nafns á lánþega á söfnum. Mánaðarlega uppfærslan á að eyða sjálfkrafa út röngum lánþegaupplýsingum ef 100% þörun

næst á milli nafns og fæðingardags. Ef pörunin næst ekki verða til tvær lánþegafærslur í kerfinu. Í þeim tilfellum verður að fylgja verklagi um leiðréttingu á kennitölu, þ.e. að lánþega sem á að eyða þarf að merkja með LB. Athugið að eyða verður útlán, frátektum og sektum af lánþeganum þegar hann er merktur með LB. Sjá í því sambandi skjalið "Að leiðrétta kennitölu"
http://www.landskerfi.is/sofn/leidb18/lanth_kennitala_breyta.pdf.

LB-lánþegum verður eytt úr kerfinu vikulega. Haft verður samband við söfnin ef lánþegi er með útistandandi útlán, frátektir eða sektir.

Hvernig miðar úrbótum á hve kerfið ræður illa við mjög **eintakafrekar færslur**?

Svör Landskerfi: Í tengslum við greiningu á hægagangi kerfisins er verið að skoða hvort hægt sé að ná fram kerfislegum úrbótum á þessum vettvangi.

Þrautaráð til að gera útlán framkvæmanleg hefur verið að búa til árgangsfærslur – en það getur ekki gengið til frambúðar vegna þess að . . .

- 1) Eintök dreifast á fleiri en eina færslu
- 2) Ef ritið er greiniskráð – hvort er þá betra
 - a) að greinifærslur tengist árgangsfærslunni – og þar með eingöngu eintökum safna sem eiga sín eintök þar
 - b) að allar greinifærslur tengist upphaflegu færslunni (forða og eintökum sem þar eru tengd) – en engin leið úr greinifærslu yfir í eintök safna sem tengja við árgangsfærsluna

Dæmi – tímarit:

Lifandi vísindi

Lifandi vísindi 2009

Svör Landskerfi: Greinifærslur verða að tengjast einni bókfræðifærslu (upphaflegu færslunni). Á næsta ári verður skoðað hvort mögulegt sé að sameina tímarit með greinifærslur.

Of mikil miðlægni sem gerir kerfið þyngra í vöfum. Myndi e.t.v. henta betur ef hver stofnun gæti sniðið t.d. listaformatið á útprentun á vanskila- og útlánayfirliti að sínum þörfum án þess að þurfa að senda beiðni á hjalp@landskerfi.is.

Svör Landskerfi: Því miður er þetta ekki mögulegt. Öll vinna með formöt af þessu tagi verður að fara fram miðlægt.

- Hægagangur þegar verið er að lána og skila tímaritum.
- Kerfiskeyrslur valda því að kerfið hægir á sér.

Svör Landskerfi: Hægagangur við útlán og skil á tímaritum hefur verið lagfærður.

- Stór galli að hægt sé að lána og skila safnefni sem tilheyrir öðru safni í sömu stjórnunareiningu. (stillingaratriði?)

Svör Landskerfi: Landskerfi mun skoða þetta mál.

Losna við að sjá sektir einstaklinga hjá öðrum söfnum.

Svör Landskerfi: Landskerfi mun skoða málið. Kerfisleg uppsetning setur þó takmarkanir fyrir því hvað hægt er að gera í þessum efnum.

MILLISAFNALÁN

Okkur skilst ný útgáfa af millisafnalánaþætti sé á tröppunum, við hlökkum til að heyra meira um hana.

Fæstir nota þennan þátt og senda í staðinn tölvupóst beint.

Svör Landskerfi: Unnið að innleiðingu nýs millisafnalánaþátts á árinu 2010. Skilgreindur hefur verið verkefnahópur og ræsfundur verður haldinn í upphafi nýs árs.

FRÆÐSLA OG NÁMSKEIÐ

Almenn ánægja með námskeið og fræðslu, einnig með leiðbeiningar á þjónustuvef.

Svör Landskerfi: Takk fyrir!

Skráningarhandbókin þyrfti að vera **leitarhæf** – oft erfitt að finna leiðbeiningar sem maður veit að eru þarna

Svör Landskerfi: Þetta er verkefni Landsbókasafns.

Sendu námskeið og fræðslufundi út um **fjarfundabúnað** eða gegnum **vefinn** svo landsbyggðarfólk og aðrir geti nýtt sér þau.

Svör Landskerfi: Góð ábending. Hljóðupptökur frá fræðslufundi skrásetjara 4. desember eru aðgengilegar á <http://www.landskerfi.is/skranrad.php>

Þetta dagskrá námskeiða - einnig ábending frá landsbyggðarfólki um að námskeiðum sé dreift á óþarflega marga daga sem skapar aukinn ferðakostnað, t.d. þegar einungis er kennt í nokkra tíma á dag í stað þess að þjappa námskeiðinu á færri daga.

Svör Landskerfi: Ábendingin varðar væntanlega fyrst og fremst skráningarnámskeið. Heppilegt hefur þótt að dreifa námsefni á þrjú daga, en ef þátttakendur koma utan af landi má skoða að dreifa námskeiðinu á tvo daga.

“Jafningja-fræðsla” - hugmyndir um stutt námskeið – t.d. hádegisfyrirlestra - þar sem 1 – 2 aðilar kynna afmarkaða þætti t.d. í leitum, skráningu – t.d. tónlistarskráningu, útlánnum. Áhugamenn um einstaka þætti geta á komið án mikils umbúnaðar. Hugmyndin sótt til landsfundar á Selfossi, þar sem stutt work-shop skiluðu miklum fróðleik.

Svör Landskerfi: Mjög góð hugmynd. Landskerfið er tilbúið til samstarfs á þessum vettvangi.

Hvað þarf marga þátttakendur til að fá haldið námskeið, t.d. námskeið um tímarita- og aðfangapátt og námskeið fyrir nýja starfsmenn og starfsmenn í hlutastarfi. Ekki eingöngu veffræðslu.

Svör Landskerfi: Námskeið eru að jafnaði hugsuð fyrir 10 manns. Það fer þó eftir kerfisþáttum og eftirspurn hverju sinni hvort námskeið er haldið. Það er því enginn almenn regla um lágmarksfjölda heldur er nauðsyn námskeiðs metin hverju sinni

Vantar námsefni í **upplýsingaleit / Gegni** fyrir nemendur á öllum skólastigum. Setja á Gegni það sem til er á þjónustuvef.

Svör Landskerfi: Landskerfi er tilbúið til samstarfs á þessum vettvangi. Tengill á bækling um gegnir.is verður settur á forsíðu gegnir.is til að byrja með. Jafnframt er Landskerfi tilbúið til þess að skoða að gera efni á þjónustuvef aðgengilegt gegnir.is notendum ef ósk um slíkt kemur frá Alefli. Hins vegar er það hlutverk safnanna sjálfra að miðla upplýsingum til sinna notendahópa.

SAMSKIPTI

Almenn ánægja með samskipti við starfsfólk Landskerfis og skráningarráðs, þar sem lipurð og fagmennska eru í fyrirrúmi og alltaf leyst úr öllum vandamálum fljótt og vel

Svör Landskerfi: Takk fyrir!

Það sem betur mætti fara

- Það vantar að **staðfesting** eða svar komi við að **beiðni** hafi verið **móttekin** í kerfinu.

Svör Landskerfi: Landskerfi mun skoða málið.

GEGNIR.IS - vefviðmót

Sennilega þyrfti að endurvekja rýnihóp um vefviðmót, eða hafa hann stöðugt starfandi.

Svör Landskerfi: Nokkur af neðnagreindum atriðum er þegar búið að leysa í prófunarumhverfi Gegnis. Reiknað er með að breytingarnar verði virkjaðar á gegnir.is snemma á næsta ári. Vel kemur til greina að Alefli kalli saman rýnihóp um vefviðmót í kjölfarið til þess að meta hvað enn megi betur fara.

Landskerfi bókasafna hefur fest kaup á nýju leitarkerfi, Primo. Stefnt er að því að beta útgáfa kerfisins verði aðgengileg snemma á árinu 2011. Þegar litið er til lengri tíma mun Primo leysa gegnir.is af hólmi.

Setja **PDF** táknið á sinn stað í línunni **Rafrænn aðgangur** - iðulega þarf að segja fólki til sem er með réttan skjá fyrir framan sig en áttar sig ekki á orðalaginu **Heildartexti**

Svör Landskerfi: Gerðar verðar tilraunir í prófunarumhverfi á birtingu á pdf táknsins. Niðurstöður verða bornar undir Alefli.

Innskráning - Fólk heldur að það þurfi að skrá sig til að leita í Gegni. Á þessu bar ekki í gamla viðmótinu

Svör Landskerfi: Þessu er því miður ekki hægt að breyta.

Niðurstaða úr leit (fjöldi) ekki nógu greinileg – pínulitlir tölustafir.

Svör Landskerfi: Þessu er því miður ekki hægt að breyta.

Skjámynd of stór – sífellt að nota stikuna upp og niður, fram og til baka (e.t.v. er þetta líka stillingaratriði hjá viðkomandi notenda).

Svör Landskerfi: Þetta hefur þegar verið lagað í prófunarumhverfi. Verður aðgengilegt á gegnir.is snemma á næsta ári.

Orðaleit er stýrt val á upphafssíðu. Notendum er beint að víðari leit án vigtunar á leitarniðurstöðum – ekki markviss leitaráðferð. Leitarorð haldist inni – svo er ekki núna.

Svör Landskerfi: Kerfið býður ekki upp á þann möguleika að leitarorð haldist inni.

“Orðaleit” í upphafsleit verður flutt fremst á undan “Flettileit” til þess að gera skýrara. [röðun verður þessi: Orðaleit eða Höfundarlisti A-Ö, Titillisti A-Ö, Efnislisti A-Ö].

Flettistilar - í núverandi uppsetningu gleymist oft að haka við t.d. titil - gekk betur með flettistilann í gömlu útgáfunni. Á að gera flettileit hærra undir höfði en nú er gert? Bagalegt að flettileit skuli ekki haldast inni – ef flettileit er endurtekin þarf alltaf að velja leitaráðferðina upp á nýtt.

Svör Landskerfi: Sjá svör við **Orðaleit** að ofan.

Fleiri valmöguleikar í ítarleit leit að **ritröð** og í leit eftir tegund efnis: **tæki** og **námsritgerðir**

Svör Landskerfi: Stöðugt er unnið að þróun leitaratriða/indexa. Nýir indexar eru fyrst prófaðir í starfsmannaáðgangi og í skipanaleit á gegnir.is. Sem dæmi um þetta hefur verið bætt við leitarindex fyrir frummálstitla sem kynntur var fyrir á árinu. Meðal breytinga á gegnir.is sem virkjaðar verða á gegnir.is snemma næsta árs er takmörkun fyrir námsritgerðir í ítarleit.

Ítarleit - gott væri að geta notað OG /EÐA strax í ítarleitinni á fyrstu síðu. Það liggur of djúpt á samsettu leitinni (og/eða/ekki) hún er ekki möguleg fyrir en þú hefur leitarniðurstöður og þá er hægt að afmarka með og/eða/ekki. Leitinn er ekki nógu áberandi.

Svör Landskerfi: Hægt er að nota boolean skipanir NOT/OR/AND í öllum leitarstrengjum, jafnt á forsíðu og í ítarleit.

Vantar að geta valið ekki .. td námsritgerðir

Svör Landskerfi: Sjá svör við **Lokaverkefni/ námsritgerðir** á bls.1.

Stytta leitarleiðina að ákveðnum **söfnum / safnahópum** – á forsíðu. Mætti vera meira áberandi.

Svör Landskerfi: Þetta er vandmeðfarið. Stöðugt er leitað leiða til þess að auðvelda leit að ákveðnum söfnum.

Tvennskonar viðmót - fyrir börn og fyrir fullorðna. Etv. þarf að vera myndrænna. T.d. myndir af bókakápum og hægt að sjá útdrátt úr bókinni, eða umsögn um bókina. (“Smella á nánar”) – sumir reyndar eindregið á móti því.

Svör Landskerfi: Með tilkomu leitarkerfisins Primo opnast nýir möguleikar í þessu sambandi.

“varstu að meina?” - Vantar ábendingar í Gegni.is ef orð er ekki rétt skrifað, líkt og í Google: “varstu að meina?”

Svör Landskerfi: Kerfislega ekki mögulegt í gegnir.is.

Nafnmyndaskrár – Sjá póst frá notanda sem er fræðimaður og háskólakennari, mikill bókasafnsnotandi:

„Í þessu sambandi varð ég þess var um daginn, fyrir tilviljun, að færslum í Gegni á kollega minn, Helga Þorláksson prófessor í sagnfræði, hefur fjölgað um marga tugi á tiltölulega stuttu tímabili. Þegar ég fór að athuga málið nánar, kom á daginn að á nafn hans eru skráð mörg rit sem eru honum óskyld, þ.e. eru eftir aðra höfunda (sem bera annað skírnamafn en eru "Þorláksson" að eftirnafni). Auk þess eru skráð á nefndan Helga Þorláksson nokkur tónverk sem mun óverðskuldað.“

Svör Landskerfi: Gæðahópur mun á árinu 2010 skoða möguleika á að aðgreina höfunda eftir hlutverkum.

Orðalag í vefviðmóti – ýmsar athugasemdir við óskýrt orðalag gagnvart almennum notendum - það s.s. **Rafrænn aðgangur : Heildartexti** , **“Smelltu hér til að sjá upplýsingar um eintökin”** Tillaga í staðinn væri t.d. „**Smelltu hér til að sjá hvaða bókasafn á eintök**“.

Svör Landskerfi: Ábendingin um eintök verður gerð aðgengileg á gegnir.is snemma á næsta ári. Landskerfi bókasafna er opið fyrir öllum góðum ábendingum um orðalag.

Fyrri færsla - þegar verið er í fullri færslu og ýtt er á fyrri, þá kemur ekki full færsla á fyrri færslu heldur hoppar í niðurstöðulistann – er hægt að laga þetta?

Svör Landskerfi: Málið verður skoðað.

Listar í End-note eða öðru formi. Við leyfum okkur að benda á grein Gunnhildar Björnsdóttur í nýjasta tölublaði Fregna (s. 28-29) Hún segir farir sínar ekki sléttar í sambandi við vinnu við að útbúa lista í Gegni. Þegar listi er sendur í pósti detta flokkstölurnar úr listanum

Svör Landskerfi: Gunnhildur gerði þau mistök að hafa ekki samband við Landskerfi bókasafna áður en greinin var birt í Fregni. Lengi hefur verið hægt að útbúa lista í Gegni. Undanfarna mánuði hefur verklag fyrir EndNote og RefWorks verið þróað enn frekar í samvinnu við háskólabókasöfnin.

ANNAD - jákvætt

Leiðbeiningar almennt mjög góðar, hvort sem er inni á þjónustuvefnum hjá Landskerfi eða inni á gegni.is.

Góð þjónustu hjá hjalp@landskerfi.is

Svör Landskerfi: TAKK, TAKK!

ANNAD – neikvætt

Hægagangur

Uppl. um eintök hverfa, óvíst hvers vegna - spurnig hvor gæti verið vegna uppfærslna í Gegni eða skráning á eintaki vistast ekki vegna hægagangs í kerfinu?

Svör Landskerfi: Sjá fyrri svör um hægagang kerfis. Hægagangurinn hefur valdið því að aðgerðir hafa ekki klárast svo sem að bók hefur ekki verið skilað í kerfinu. Málið verður að skoða í kjölfar leiðréttinga á hægagangi.

Enn koma stundum upp margar færslur af sömu bókinni þannig að maður veit ekki við hverja á að tengja sitt eintak. En þetta er örugglega eitthvað sem vitað er um og stendur til að laga.

Svör Landskerfi: Haldið var námskeið í desember um Upplýsingalæsi í Gegni. Eitt meginmarkmið námskeiðsins var að auðvelda fólki að velja rétta færslu. Sjá kennslugögn og uppfærðar leiðbeiningar um val á bókfræðifærslu <http://www.landskerfi.is/namsgogn.php>.

Tölulegar upplýsingar - ófullnægjandi í kerfinu - það er bráðnauðsynlegt fyrir almenningubókasöfn að geta skoðað og gefið upplýsingar um hvað sé vinsælast á hverjum tíma í öllum safnefni, bókum, tímaritum, DVD og svo framvegis.

Svör Landskerfi: Ekki eru til staðar keyrslur í Gegni sem gera þetta kleift. Í leitarkerfinu Primo verður auðveldara að nálgast upplýsingar af þessu tagi.

Pantanalistar - hægt verði á auðveldan hátt að skoða hvaða safnefni er mest pantað til að geta brugðist við eftirspurn. Í dag er pantanalistinn þannig að ef t.d. bókin “stúlkan sem lék sér að eldinum”

er með 14 pantanir þá kemur færslan 14. sinnum á listann en ekki bara titillinn með tölunni 14 fyrir aftan.

Svör Landskerfi: Landskerfi mun skoða málið.

Listar úr Gegni - vísað í grein Gunnhildar Björnsdóttur sem birtist í Fregni: 2009;34(2):28-9 varðandi listagerð.

Svör Landskerfi: Sjá svör við **Listar í End-note eða öðru formi**.

Markvissari leiðir til að koma upplýsingum um nýjungar í kerfinu á framfæri.

Svör Landskerfi: Á vef Landskerfis bókasafna, www.landskerfi.is, er nú hægt að skrá sig á RSS fréttaveitu. Landskerfið mun leitast við að koma heilstæðum upplýsingum til aðildarsafna í formi tölvupósts eða fréttu á heimasíðu.